

125. löggjafarþing 1999–2000.  
Þskj. 604 — 351. mál.

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um útgáfu diplómátskra vegabréfa.

Frá Einari K. Guðfinssyni.

1. Hvaða reglur gilda um útgáfu svonefndra diplómátskra vegabréfa? Fram komi m.a. hvaða störfum/embættum fylgi slík vegabréf, hver séu skilyrðin fyrir því að starfi/embætti geti fylgt slíkt vegabréf og til hve langs tíma þau séu gefin út.
2. Hver er munurinn á diplómátskum vegabréfum og öðrum vegabréfum sem gefin eru út hér á landi?
3. Hversu mörg diplómátsk vegabréf hafa verið gefin út árlega síðustu fimm ár og hve mörg eru nú í gildi?

Skriflegt svar óskast.